Samfylkingin

Kópavogur, 10. júní 2026

Efni: Fyrirspurn um ástand Kópavogslækjar og verkefnið LIFE ICEWATER – Lögð fram á fundi skipulags- og umhverfisráðs Kópavogs þann 15. júní 2026

Óskað er eftir upplýsingum frá umhverfissviði um ástand Kópavogslækjar og þær aðgerðir sem gripið hefur verið til og fyrirhugaðar eru vegna mengunar í læknum.

Undanfarið hafa verið fluttar fréttir af olíumengun í Kópavogslæk. Jafnframt hafa áður komið fram upplýsingar um að ýmis skaðleg efni, þar á meðal krabbameinsvaldandi efni, hafi greinst í læknum. Þá liggur fyrir að Kópavogsbær er samstarfsaðili í LIFE ICEWATER-verkefninu sem hlaut styrk frá Evrópusambandinu á síðasta ári til að stuðla að bættum vatnsgæðum og vistfræðilegu ástandi, m.a. í Kópavogslæk.

Í ljósi þeirra mikilvægu almenningsgæða sem felast í Kópavogsdalnum telur Samfylkingin brýnt að vinna við hreinsun Kópavogslækjar gangi hratt og örugglega fyrir sig. Fulltrúar Samfylkingar í skipulags- og umhverfisráði lýsa sig reiðubúna til að vinna að þessu markmiði með öðrum fulltrúum og embættismönnum bæjarins.

Undirrituð óska eftir svörum við eftirfarandi spurningum:

1. Hvaða aðgerðum hefur verið beitt til að rekja uppruna mengunar sem greinst hefur í Kópavogslæk?
2. Hvaða niðurstöður hafa fengist úr þeim rannsóknum og athugunum sem framkvæmdar hafa verið vegna mengunar í læknum og hverjar eru nýjustu fyrirliggjandi upplýsingar um ástand vatnsgæða í Kópavogslæk?
3. Hvernig er eftirliti með vatnsgæðum Kópavogslækjar háttað, þar á meðal mælingum á olíumengun, þungmálmum, PFAS-efnum og öðrum skaðlegum efnum?
4. Hvaða aðgerðir eru fyrirhugaðar til að vinna að hreinsun Kópavogslækjar, þar með talið en ekki eingöngu m.t.t. að rekja uppruna mengunar, mæla vatnsgæði og mengun í Kópavogslæk og beinar aðgerðir til að bæta vatnsgæði, svo sem gerð settjarna og uppsetningu efnagildra?

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

5. Hvar eru slíkar aðgerðir staddar og eru einhverjar tafir á þeim? Er eitthvað sem bæjarstjórn eða skipulags- og umhverfisráð getur gert til að greiða götur slíkra aðgerða?

Skriflegra svara óskast.

Jafnframt óska undirrituð eftir kynningu á LIFE ICEWATER-verkefninu, markmiðum þess og aðkomu Kópavogsbæjar að verkefninu á fundi umhverfis- og skipulagsráðs.

Jónas Már Torfason
bæjarfulltrúi Samfylkingar
varamaður í skipulags- og umhverfisráði

Eydís Inga Valsdóttir
bæjarfulltrúi Samfylkingar
aðalmaður í skipulags- og umhverfisráði

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026